

AUGLÝSING

um deiliskipulag fiskeldis í landi Botna, Skaftárhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag fiskeldis í landi Botna.

Deiliskipulagssvæðið nær yfir um 17 ha úr landi Botna, með aðkomu um Botnaveg. Gert er ráð fyrir yfirbyggingu fiskeldis og byggingu nýrrar rafstöðvar. Tegund eldisfisks er bleikja og er fyrirhuguð framleiðslugeta lífmassa um 19 tonn.

Samþykkt í sveitarstjórn Skaftárhrepps 13. ágúst 2012.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 27. september 2012.

Anton Kári Halldórsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 11. október 2012